

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Þjónustumiðstöðin Skaftafelli.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi við þjónustumiðstöðina Skaftafelli á bæjarstjórnarfundi 8. október 2020.

Bæta þarf við byggingarreit fyrir skemmu norðan við núverandi þjónustumiðstöð til að hýsa tæki og áhöld. Markmiðið er að byggingin verði látlaus, falli vel að þyrpingunni og að litaval henti staðnum.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og fallið var frá grenndarkynningu skv. 3. mgr. 44. gr. Þar sem breytingin hefur ekki áhrif á hagsmuni í grennd.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 18. maí 2021.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. júní 2021